

Mánudaginn 15. marz 1954.

Nr. 46/1953. **Theodór B. Líndal f. h. eigenda og váttryggjenda v/s Boðasteinur, FD. 493, (sjálfur)**
 gegn
Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs, VE. 322, (Sigurður Ólason)
 og
Skipaútgærd ríkisins f. h. eiganda og áhafnar v/s Óðins (Egill Sigurgeirsson)
 og gagnsök.

Dóminn skipaðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt samdómsmönnum Lúðvík N. Lúðvíkssyni og Þorsteini Jónssyni.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1953. Hann krefst þess, að fjárhæð sú, er dæmd var í héraði, verði lækkuð, að hver aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt verði fellt úr gildi.

Eigendur og áhöfn v/b Muggs, VE. 322, hafa áfrýjað málinu með stefnu 6. maí 1953. Þau krefjast þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 90.000,00 eða lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þau krefjast og sjóveðréttar í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Eigandi og áhöfn v/s Óðins hafa áfrýjað málinu með stefnu 3. júní 1953 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim kr. 75.000,00 eða lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þá krefjast þau sjóveðréttar í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Fallast ber á rök héraðsdóms fyrir því, að hjálp sú, er v/b Muggur veitti v/s Boðasteinur, hafi verið björgun í merkingu 229. gr. siglingalaganna.

Er v/s Boðasteinur slitnaði aftan úr v/b Mugg, voru skipin, eins og í héraðsdómi greinir, stödd á hættulegum stað, myrkt var af nóttu, veðurhæð mikil og áhöfn v/s Boðasteinur ókunnug staðháttum. Verður því að telja, að af hendi v/s Óðins hafi einnig verið unnið björgunarstarf í merkingu siglingalaganna.

Bjarglaun gagnáfrýjendum til handa þykja hæfilega ákveðin samtals kr. 54.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs $\frac{2}{3}$ hluta fjárhæðarinnar, en eigandi og áhöfn v/s Óðins $\frac{1}{3}$ hluta hennar, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs þar af kr. 7.000,00, en eigandi og áhöfn v/s Óðins kr. 5.000,00.

Dæma ber gagnáfrýjendum sjóveðrétt í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, Theodór B. Líndal f. h. eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur, FD. 493, greiði gagnáfrýjendum, Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs, VE. 322, og Skipaútgerð ríkisins f. h. eigenda og áhafnar v/s Óðins, kr. 54.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs $\frac{2}{3}$ hluta fjárhæðarinnar, en eigandi og áhöfn v/s Óðins $\frac{1}{3}$ hluta hennar, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000,00, og hljóti eigendur og áhöfn v/b Muggs þar af kr. 7.000,00, en eigandi og áhöfn v/s Óðins kr. 5.000,00.

Gagnáfrýjendur eiga sjóveðrétt í v/s Boðasteinur, FD. 493, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi, Vestmannaeyjum, f. h. eigenda og skipshafnar m/b Muggs, VE. 322, og varðskipsins Óðins, með stefnu, út gefinni 2. apríl 1951, birtri 3. apríl s. á., á hendur Theodór Johannessen skipstjóra vegna útgerðar- og eigenda m/k Boðasteinur, FD. 493, h/f Jacob Haraldsen eft., Fuglafirði, Færeyjum, til greiðslu björgunarlauna vegna björgunar á m/k Boðasteinur, FD. 493, hinn 20. marz 1951, svo og til greiðslu málskostnaðar. Enn fremur hafa stefnendur stefnt Theodór Johannessen f. h. váttryggjenda m/k Boðasteinur til réttargæzlu í málinu.

Stefnendur gerðu í upphafi þær réttarkröfur, að stefndur, Theodór Johannessen f. h. h/f Jacob Haraldsen eft., verði dæmdur til þess að greiða þeim Helga Benediktssyni vegna eigenda og áhafnar m/b Muggs, VE. 322, og Pálma Loftssyni, framkvæmdarstjóra Skipa-útgerðar ríkisins, vegna varðskipsins Óðins, björgunarlaun, sem nema kr. 100.000,00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu, 2. apríl 1951, til greiðsludags, svo og allan málskostnað, þar á meðal matskostnað, samtals að fjárhæð samkvæmt framlögðum reikningi kr. 8.769,05. Enn fremur kröfðust stefnendur þess, að sjóveðréttur verði viðurkenndur í m/k Boðasteinur, FD. 493, fyrir öllum hinum umstefndu fjárhæðum. Síðar kröfðust þeir þess, að dómurinn kvæði á um skiptingarhlutföll bjarglaunanna milli Muggs og Óðins, án þess að málið yrði þó sundurgreint.

Við lok málsins breyttu stefnendur kröfum sínum, og urðu þær á þessa leið:

Stefnandi, Helgi Benediktsson f. h. eigenda og áhafnar m/b Muggs, gerði þær kröfur, að stefndir, eigendur m/k Boðasteinur, verði dæmdir til þess að greiða honum björgunarlaun, sem næmu kr. 90.000,00 eða lægri fjárhæð að mati dómsins, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu og sjóveðréttur verði viðurkenndur í m/k Boðasteinur fyrir öllum dómkröfunum.

Jafnframt tók hann fram, að fram lagður málskostnaðarreikningur ætti að hækka um kr. 4.000,00 vegna hækkunar á taxta L.M.F.Í., eftir að reikningur þessi hafði verið lagður fram.

Meðstefnandi, Pálmi Loftsson f. h. eiganda og áhafnar varðskipsins Óðins, gerði þær kröfur, að stefndir verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 75.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og matskostnað og málskostnað að skaðlausu eftir

mati dómsins og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/k Boðasteinur, FD. 493, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Gagnvart eigendum og áhöfn m/b Muggs væri þess krafizt aðallega, að kröfur þeirra verði engin áhrif látnar hafa á kröfur eiganda og áhafnar m/s Óðins, en til vara, að kröfur eigenda og áhafnar m/b Muggs verði færðar niður til verulegra muna.

Stefndir mættu í málinu og gerðu þær réttarkröfur, að þeir verði aðeins dæmdir til þess að greiða stefnendum hæfilega upphæð og þá í einu lagi fyrir dráttaraðstoð samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir kr. 10.000,00, en til vara björgunarlaun eftir mati dómsins, þó ekki yfir kr. 15.000,00. Svo krefjast þeir, að ekki verði viðurkenndur sjóveðréttur í m/k Boðasteinur fyrir tildæmdri fjárhæð og málskostnaður verði látinn falla niður. Stefndir samþykktu, að dómurinn kvæði á um, hversu mikill hluti ómakslaunanna skyldi renna til hvors stefnanda, en mótmæltu því ákveðið, að dómurinn tildæmdi stefnendum hvorum fyrir sig sjálfstæðar kröfur.

Dæmt var í máli þessu í héraði 12. júlí 1951, en héraðsdómurinn var ómerktur í Hæstarétti 2. febrúar sl.

Málavextir eru þessir samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum:

Laugardaginn 17. marz 1951 lét m/k Boðasteinur, FD. 493, úr höfn í Miðvági í Færeyjum og hélt í átt til Íslands, og var tilætlunin að stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum. Veður var gott og vindlítið, og gekk ferðin vel í fyrstu. Að áliðnum degi á sunnudag eða kl. 16 dró úr ferð skipsins, þótt vélin hins vegar gengi með eðlilegum hætti. Við athugun reyndist skrúfa skipsins í ólagi, og leitaðist þá áhöfn skipsins við að ráða bót á því, sem úr lagi hafði gengið, en tókst það ekki. Kl. 19 náði áhöfnin talstöðvarsambandi við aðra færeyska skútu, m/k Carlton, sem var í allmikilli fjarlægð, og skýrði henni frá, hvernig komið væri, og beiddi hana að hlusta í talstöðina að klukkutíma liðnum. Áhöfn m/k Boðasteinur hélt síðan áfram við að reyna að koma skrúfunni í lag, en allt kom fyrir ekki. Kl. 21 átti svo áhöfnin aftur talstöðvarsamband við m/k Carlton og beiddi hann að koma til aðstoðar og draga skútuna til Vestmannaeyja. M/k Carlton var þá staddur ca. 17 sjómílur SV af Ingólfshöfða og hélt þegar af stað í áttina til skútunnar. Á meðan sigldi m/k Boðasteinur með seglum, en siglingin gekk hægt, vegna þess að veður var kyrrt. Kl. 7 á mánudagsmorgni kom m/k Carlton til skútunnar, og var þá dráttartaug fest á milli skipanna. Byrjaði m/k Carlton síðan að draga skútuna í áttina til Vestmannaeyja. Drátturinn gekk vel allan mánudaginn og fram á þriðjudag, enda var veður gott. Hafði m/k Boðasteinur segl uppi til þess að létta undir með drættinum. Er skipin nálgudust Vestmannaeyjar, átti m/k Boðasteinur talstöðvarsamband við Vestmannaeyjaradíó og spurðist fyrir um, hvort unnt yrði að taka skútuna inn á höfnina þá um kvöldið. Fékk hún játandi svar, og var þeim sagt, að hafnsögumaðurinn mundi bíða hennar fyrir utan höfnina. Þetta var kl. 18—19 á þriðju-

dagskvöldið. Vindur var þá 5—6 stig að austan eftir sólarátt. Er skipin voru komin inn fyrir Bjarnarey, felldi m/k Boðasteinur seglin, en um leið vildi það til, að dráttartaugin milli skipanna slitnaði. Kl. var þá 20.00, og var skútan stödd í græna ljósinu frá Urðavitanum. Í sömu svifum og dráttartaugin slitnaði, bilaði gangráður vélarinnar í m/k Carlton, svo að hann gat ekki komið skútunni til hjálpar. Vindur var þá orðinn 7 stig að austan og vaxandi, og rak skútuna flata undan vindi í áttina til lands með bakborðssiðu að landi. Átti hún talstöðvarsamband við m/k Carlton og fékk að vita, að hjálpar væri þaðan ekki að vænta, eins og stæði, vegna þess að vél skipsins væri biluð. M/k Boðasteinur gerði engar ráðstafanir til að bjarga sér af sjálfsdáðum, varpaði hvorki akkerum né dró upp segl, en kl. 20.45 kallaði hann upp Vestmannaeyjaradíó og náði sambandi kl. 20.50. Skýrði hann frá, hvernig komið væri, og bað um aðstoð. Um sama leyti sáu skipverjar skútunnar mótorbát undan Klettsnefi á leið inn í höfnina. Sendu þeir þá út neyðarmerki, skutu flugeldum, til þess að mótorbáturinn kæmi til aðstoðar. Þetta var m/b Muggur, VE. 322, og brá hann þegar við og setti á fulla ferð og stefndi til skútunnar. Skýrir áhöfn Muggs svo frá, að m/k Boðasteinur hafi þá verið staddur úti af Urðunum, nálægt því að vera mitt á milli Urðavitans og Þurrkhússins, og rak óðfluga að landi. Sigldi Muggur að skútunni og lagði svo nærri til kuls sem áhöfnin þorði, og var þegar gerð tilraun til að kasta kastlínu yfir í skútuna, en það mistókst. Áhöfnin á m/k Boðasteinur lét þá ljósdufl í sjóinn með færislínu, og tókst skipverjum á Mugg að ná strax í duflið. Drógu þeir færislínuna í skyndi, en hún slitnaði í drættinum, og töldu þeir, að ástæðan hefði verið sú, að of mikið af færislínu hefði verið kastað út, og hefði hún festst í botni eða undir kjöl bátsins. Er þeir höfðu dregið inn endann, kveðst skipstjórinn á Mugg hafa kallað til skipverja á Boðasteinur, að þeir skyldu draga upp fokkuna, en þeir hafi ekki sinnt því. Sjálfir kváðust skipverjar á Boðasteinur ekki hafa heyrt skipstjórann á Mugg minnst á þetta. Skipstjórinn á Mugg sneri síðan bátnum austur um á fullri ferð og hugðist taka hring og leggja aftur að skútunni, en er hann hafði tekið stefnuna á land, varð hann þess var, að þeir voru komnir mjög nærri landi, og setti vélina fullt aftur á bak. Sló þá fram undan vestur um undan vindinum, svo að framendi Muggs horfði á afturenda Boðasteinur. Setti skipstjórinn þá á fulla ferð áfram og stefndi aftur fyrir skipið svo nærri, að skipverjar á Boðasteinur gátu auðveldlega rétt enda yfir í Mugg, sem þeir og gerðu. Allmikil alda var, og kveður áhöfnin á Mugg, að hryggjað hafi undir bátinn, er þeir voru fyrir aftan skútuna, svo nærri landi hafi þeir verið komnir. Síðan setti Muggur á ferð fram með skipinu til hlés og nam staðar nærri framstafni skútunnar á kul, og gengu þá allir skipverjar á Mugg í að draga inn dráttartaugina, er m/k Boðasteinur lagði til.

Var dráttartaugin síðan sett föst í gúmmíhring, sem komið hafði verið fyrir á festaklampa (krussholt). Kl. var þá um 21.00.

Sigldi Muggur síðan af stað á mjög hægri ferð skáhallt undan vindi með skútuna í eftirdragi. Tókst honum að fjarlægja skútuna frá landi. Hafði hann fyrst stefnu á Klettsnefið, en síðan var tekin stefna syðst á Bjarnarey. Mjakaðist hann með skútuna hægt austur flóann, og var slegið á stopp við hverja kviku eftir því, sem áhöfnin sagði. Óskaði skipstjórinn á Boðasteinur eftir, að skútan yrði dregin inn á höfnina, en skipstjórinn á Mugg taldi það ekki gerlegt vegna þess, hve dráttartaugin var veik, og ákvað að draga skútuna inn fyrir Eiði.

Þegar Muggur var kominn með skútuna dálítið áleiðis, kom varðskipið Óðinn á vettvang. Hafði hann heyrt í talstöð sinni kl. 20.45, er Boðasteinur kallaði upp Vestmannaeyjaradíó og beiddi um skjóta hjálp. Var Óðinn þá staddur undir Eiðinu og lá fyrir akkerum. Létti hann þegar akkerum og hélt af stað í áttina til skútunnar. Um það leyti, sem hann var að leggja af stað, kallaði Vestmannaeyjaradíó upp varðskipið Ægi til þess að fá hann til að koma skútunni til hjálpar. Ægir var fjarstaddur, og svaraði því Óðinn og kvaðst vera á leiðinni til skútunnar. Sigldi Óðinn síðan gegnum Faxasund og kom von bráðar til skútunnar. Var hún þá skammt undan landi út af Urðunum, og var Muggur með hana í eftirdragi. Myrkur var yfir og fulldimmt af nóttu. Óðinn átti strax viðtal við m/b Mugg, og kvaðst Muggur telja dráttartaugina ekki örugga, og væri hann hræddur um, að hún kynni að slitna. Ákvað því Óðinn að fylgjast með skipunum og hafði dráttartaug tilbúna. Tilkynnti hann síðan Vestmannaeyjaradíó, að hann mundi fylgjast með skútunni og vera til taks, ef eitthvað bæri út af. Var kl. þá 21.35 samkv. dagbók Vestmannaeyjaradíós.

Eftir að Óðinn kom til, hélt Muggur áfram hægt og sigandi með m/k Boðasteinur út á flóann. Óðinn fylgdist með á næstu grös-um. Er klukkan var 22.20, slitnaði dráttartrossan, og tilkynnti Boðasteinur það Óðni samstundis með talstöð sinni og með því að kveikja blys. Var hann þá staddur fyrir opnu Faxasundi og nýkominn í Urðavitann hvítan (úr rauða ljósinu). Muggur kveðst þegar hafa snúið við, er dráttartaugin slitnaði, og sett á fulla ferð og siglt til hlés við skútuna. En Óðinn lagði strax að henni kulborðs megin og rétti dráttartaug yfir til hennar, sem þegar var fest milli skipanna. Átti þá skipstjórinn á Mugg tal við skipstjóran á Boðasteinur og spurði hann, hvort hann gæti gert nokkuð frekar fyrir hann, og lét þess jafnframt getið, að dráttartaug Óðins mundi vera örugg. Skipstjórinn á Boðasteinur taldi þá ekki þörf, að Muggur veitti frekari aðstoð. Skildi Muggur síðan við skútuna og hélt inn á höfn í Vestmannaeyjum.

Óðinn dró hins vegar skútuna fyrir austan Faxasker og inn fyrir Eiði, og lögðust bæði skipin þar fyrir akkeri kl. 23.50. Tók það

nokkurn tíma fyrir Boðasteinur að koma akkerum fyrir, því að akkerisfestin hafði verið notuð sem dráttartaug, meðan Carlton og Muggur drógu skútuna. Þurfti því að lása keðjunni í akkerið, og var það ekki gert, fyrr en komið var undir Eiðið.

Óðinn og Boðasteinur lágu síðan undir Eiðinu til kl. 06.10. Létti Óðinn þá akkerum og fór til Boðasteinur og lét hann léttu. Kl. 06.50 var dráttartaug fest í hann, og dró Óðinn hann síðan fyrir klettinn og inn á höfn í Vestmannaeyjum, og var þar lagzt við bryggju kl. 07.45. Veður var þá orðið gott. Hélzt góðviðri þann dag allan, við logn í Vestmannaeyjum, en norðaustankaldi úti fyrir. Veðurhæð virðist hafa orðið mest kvöldið áður um tólfleytið, og var vindur þá 9 stig samkv. veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða. Upp úr því lygndi og breytti um átt.

Áhöfnin á hafnsögubátnum Létti var áhorfandi um tíma að hjálparstarfinu, sem Muggur veitti. Skýrði hafnsögumaðurinn, Jón Ísak Sigurðsson, svo frá, að ritsíminn hér hefði hringt til sín að kvöldi hins 20. marz sl. og sagt sér, að m/k Boðasteinur væri væntanlegur hingað til Eyja kl. 20.30. Fór hann síðan ásamt fjórum mönnum öðrum um borð í hafnsögu- og tollbátinn Létti, og héldu þeir af stað út úr höfninni, er klukkan var um 20.30. Er Léttir var kominn út úr innri höfninni og út á Víkina, sáu þeir skip skjóta flugeldum innan við Bjarnarey, og var þetta Boðasteinur. Um sama leyti sáu þeir skip koma að norðan og sigla til skútunnar, og var það m/b Muggur. Svo sáu þeir, að Muggur sigldi upp að Boðasteinur, og eftir nokkra stund sáu þeir, að búið var að koma dráttartaug milli skipanna og Muggur byrjaður að draga skútuna frá landi. Gizkuðu þeir á, að Léttir hafi þá verið í ca. 300 metra fjarlægð frá Boðasteinur. Sýndist þeim Boðasteinur svo nærri landi, að hann mundi fljótlega reka upp í Urðirnar, ef dráttartaugin kynni að slitna. Kallaði þá hafnsögumaðurinn upp Vestmannaeyjaradíó og óskaði eftir, að björgunartæki yrðu send austur á Urðir og látin vera þar til taks, ef dráttartaugin slitnaði eða eitthvað bæri út af. Samkv. dagbók Vestmannaeyjaradíós fór samtál þetta fram kl. 21.10. Vestmannaeyjaradíó virðist ekki hafa heyrt nægjanlega vel til hafnsögumannsins, og voru björgunartækin ekki send austur á Urðir, heldur um borð í mótorbát, sem lá á höfninni. Áhöfn Léttis horfði síðan góða stund á skipin, er þau mjökuðust út flóann, og er Muggur var kominn með skútuna út á flóann miðjan, sneri Léttir til lands. Var þá Óðinn nýkominn á vettvang og lónaði eftir Mugg og skútunni. Hafnsögumaðurinn kvaðst álíta, að Óðinn mundi ekki hafa komið nægjanlega snemma til þess að hjarga skútunni, ef Muggs hefði ekki notið við. Kvaðst hann halda, að Boðasteinur hefði verið kominn upp í Urðirnar, er Óðinn kom á vettvang, ef engin hjálp hefði horizt annars staðar frá. Aðrir af áhöfn Léttis, er leiddir voru sem vitni, voru á líkri skoðun.

Stefnendur, eigendur og áhöfn m/b Muggs, telja, að m/k Boða-

steinur hafi verið staddur í neyð, er Muggur kom til, og mundi hann tvímælalaust hafa borizt upp í Urðirnar og brotnað í spón, ef hann hefði ekki notið hjálpar hans. Telja þeir því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða, sem skapi þeim rétt til björgunarlauna. Hins vegar telja þeir, að neyðarástandi skútunnar hafi verið lokið, er Óðinn tók við drætti hennar fyrir opnu Faxasundi.

Meðstefnendur, eigandi og áhöfn v/s Óðins, telja einnig, að Boðasteinur hafi verið staddur í neyð og yfirvofandi háska, er Muggur bar að. En þeir telja auk þess, að Boðasteinur hafi ekki verið staddur í minni hættu, er Óðinn tók við drætti hans. Álíta þeir, að skútan hafi þá verið stödd á mjög hættulegum stað, og næsta ósennilegt, að hún hefði á nokkurn hátt getað bjargað sér sjálf, og hafi það hvorki verið á valdi Muggs né nokkurs annars skips að láta skútunni í té þá hjálp, sem Óðinn veitti, þar eð Óðinn hafi verið hjá skútunni með trausta dráttartaug tilbúna, en m/b Muggur hafi enga haft. Telja þeir samkvæmt þessu, að sú hjálp, sem Óðinn veitti, hafi verið björgun í skilningi siglingalaganna.

M/k Boðasteinur hafði þrjú segl: fokku, stórsegl og „mesan“. Allt voru þetta þríhyrnur, en ekki gaffalsegl. Skipstjórinn á skútunni kvaðst halda, að unnt hefði verið að sigla henni inn á höfnina með seglum þessum, og það kvaðst hann mundu hafa reynt, ef hann hefði ekki séð til Muggs, skömmu eftir að skútan slitnaði aftan úr Carlton. Skipstjórinn á Carlton kvaðst mundu hafa dregið upp seglin í sporum skipstjórans á Boðasteinur, ef engan bát hefði borið að, og virtist þar með telja möguleika á fyrir skútuna að bjarga sér á seglum. Bendir þetta einnig til, að seglin hafi verið í nothæfu ástandi, þar eð skipstjórinn á Carlton hlaut að þekkja nokkuð til segla skútunnar. Boðasteinur var með tvö akkeri, og taldi skipstjórinn, að unnt hefði verið að afstýra því, að skútan bærisk á land, með því að láta akkerin falla. Áleit hann, að Boðasteinur hefði aldrei verið staddur í neinni hættu, þótt hann hins vegar viðurkenndi, að skútan hefði verið komin fullnærri landi, er Muggur bar að. Aðrir skipverjar á Boðasteinur, er skýrslu gáfu, voru á sömu eða líkri skoðun og skipstjórinn.

Svo virðist sem Boðasteinur mundi hafa borizt upp á Grasa-tanga eða þar í grennd, ef hann hefði rekið á land í umrætt skipti, og er þá haft í huga, að útfall var, svo að nokkurs straums hefði gætt suður með ströndinni, sem hefði valdið því, að skútuna hefði ekki rekið alveg beint undan vindinum. Ströndin er þarna hættuleg, og svo er á öllu svæðinu frá hafnarmynninu að Urðavita, svokölluðum Urðum. Skiptast þar á hraunklappir, hrauntangar og smávik, full af brimsorfnu stórgrýti. Nokkur sker undir og upp úr sjó eru skammt undan landi. Tvisvar á síðustu áratugum hafa skip borizt þarna upp í ströndina, og brotnuðu þau og hurfu á örfáum mínútum. Út frá landi dýpkar ört, og er botninn ójafn og grýttur, þar sem honum hallar frá ströndinni. Er fjær dregur, verður botninn

sléttari. Eru þar móbergs- og hraunklappir með leir- og sandpollum hér og hvar. Má þar teljast sæmilegur haldbotn víðast hvar.

Af upplýsingum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, virðist mega ráða, að Boðasteinur hafi verið kominn mjög nærri landi, er Muggur kom að. Framburðir áhafna Muggs og Létts benda allir í þá átt. Raunar verður að taka framburði þeirra með nokkurri varúð, vegna þess að örðugt var um nákvæmar staðarákvarðanir vegna myrkurs. Sérstaklega virðist þó ástæða til að leggja mikið upp úr framburði hafnsögumannsins, Jóns Í. Sigurðssonar, vegna náinnar staðþekkingar á því svæði, sem hér um ræðir, en honum sýndist Boðasteinur ískyggilega nálægt landi. Fleira hnígur í sömu átt. Eins og fyrr getur, var skútan stödd innan við Bjarnarey, er hún slitnaði aftan úr Carlton, og eftir það rak skútuna undan sjó og vindi í tæp 5 kortér í áttina til lands, áður en hjálp Muggs barst. Þá er og ljóst, að Mugg tók skamman tíma að sigla til skútunnar, og hefur því varla þurft að sækja á móti vindi, en hann var staddur þvert af Klettsnefi, er hann lagði af stað henni til hjálpar. Bendir þetta hvort tveggja til, að Boðasteinur hafi verið kominn allnærri landi. Þykir verða að ganga út frá, að svo hafi verið. Virðist því ljóst, þar sem vindur stóð á land, að tæplega hefði komið að haldi, úr því sem komið var, þótt skútan hefði dregið upp segl eða varpað akkerum, er auk þess virðast ekki hafa verið í reiðu, heldur mundi skútan allt að einu hafa horízt upp í Urðirnar undan vindinum. Telur rétturinn því, að bæði skútan Boðasteinur og áhöfn hennar hafi verið stödd í yfirvofandi hættu og ekki getað bjargað sér af sjálfsdáðum, er Mugg bar að, og hafi því hér verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna.

Nokkuð öðru máli gegnir, er Óðinn tók við drætti skútunnar. Skútan var þá stödd út af Lögmannssæti fyrir opnu Faxasundi, eins og fyrr getur. Var hún þá komin alllangt frá Urðunum, en nálgaðist hins vegar Faxasker og skerin þar í kring, sem verður að telja allhættuleg. Meðal annars skal þess getið, að í austanátt liggur straumur í Faxasundi að skerinu vegna frákasts frá berginu (Klettinum). Komið gat þá til mála að leggjast fyrir akkeri og bíða morguns. En sá kostur virðist ekki hafa verið fyrir hendi, þar eð akkerin voru ekki til taks (klár), svo að nokkur tími hlaut að líða, unz þeim yrði varpað fyrir borð og þau tækju við sér. Á meðan var hætt við, að skútan hefði horízt of nærri berginu eða skerinu. Aftur á móti var sá kostur fyrir hendi að bjarga sér á seglum, þótt seglaútbúnaður skútunnar væri ekki meiri en að framan er lýst. Sigling inn í höfnina þá um kvöldið kom raunar ekki til greina, þar sem það var ekki á færi nema vel kunnugra manna. Hitt átti ekki að vera neinum sérstökum vandkvæðum bundið að sigla undan veðrinu í gegnum Faxasund eða jafnvel austan við skerið og inn fyrir Eiði eða vestur fyrir Eyjar, leggjast þar fyrir akkeri og bíða birtu og betri veðurskilyrða. Þetta er þó því skilyrði bundið, að seglin hefðu verið dregin upp,

strax og skútan slitnaði aftan úr Mugg, þau verið nothæf og áhöfnin haft nokkra æfingu í meðferð þeirra og ekki verið með öllu ókunnug staðhátum. Nýlega var búið að fella seglin, og áttu þau því að vera tiltæk. Kunnugleiki á staðhátum mun hafa verið takmarkaður, og nokkur ástæða er til að ætla, að áhöfnin hafi ekki treyst seglum skútunnar, þar sem ekki var gripið til þeirra, er skútan slitnaði aftan úr Carlton, en í þess stað var skútan látin reka undan veðrinu upp að hættulegri strönd. Þrátt fyrir það, lítur rétturinn þó svo á, að öllu meiri líkur hafi verið til, að skútan hefði bjargað sér af eigin rammleik og neyðarástandinu þar af leiðandi lokið, þótt skútan hafi enn verið stödd í allmikilli hættu. Telur rétturinn því, að v/s Óðinn hafi leyst af hendi aðstoð í skilningi siglingalaganna.

Björgunar- og hjálparstarfið stóð yfir í 11 klukkustundir. Klukkan var 20.45, er Muggur lagði af stað til skútunnar, og klukkan var 22.25, er dráttartaugin slitnaði, og upp úr því sneri Muggur heim á leið. Tafir Muggs vegna björgunarinnar námu því um 1 klukkustund og 40 mínútum. Óðinn lagði af stað til hjálpar kl. 20.45 og lagðist að bryggju með Boðasteinur næsta morgun kl. 07.45. Starf hans stóð því yfir í réttar 11 klukkustundir. Stefnir hafa talið, að hjálpin hafi tekið lengri tíma en þörf var á, þar eð Óðinn hefði strax átt að sigla með Boðasteinur inn á höfnina í stað þess að draga hann norður fyrir Eiði. Rétturinn telur hins vegar, að öruggara hafi verið að fara með skútuna undir Eiði, þar sem varhugavert virðist hafa verið að draga hana inn á höfnina, er vindur stóð á opið hafnarmynnið, og innsiglingin þröng og ekki bein.

Muggur telur sig hafa orðið fyrir einhverju aflatjóni vegna tafa við eftirfarandi sjópróf. Hann fór í róður strax nóttina eftir björgunina, og áhöfnin mætti ekki til sjóprófs fyrr en viku síðar eða þriðjudaginn 27. marz 1951. Var skipið í landi þann dag. Engar upplýsingar liggja fyrir um afla hliðstæðra báta þann sólarhring, en gæftir munu hafa verið, og má því gera ráð fyrir, að Muggur hafi orðið fyrir einhverju aflatjóni. Þykir rétt að hafa það í huga, er björgunarlaunin eru ákveðin.

M/k Boðasteinur er að stærð 85.72 rúmlestir brúttó samkv. mælingarbréfi og var byggður 1880 og endurbyggður 1923. Dómkvaddir matsmenn virtu hann með farmi til peningaverðs hinn 22. marz sl. Var mat þeirra á þá leið, að skipið ásamt vél og tilheyrandi fylgifé væri 196.500,00 kr. virði, en farmur skipsins, salt, veiðarfæri og olía o. fl. 31.640,00 kr. virði. Heildarmat hins bjargaða nam því samtals kr. 228.140,00. Stefnir hafa talið mat þetta of hátt, að því er skipið varðar, og fært það til, að skipið væri orðið gamalt og vél þess gömul. Önnur rök gegn matinu hafa þeir ekki fært fram. Þar eð rök stefndu gegn matinu eru haldlaus, verður það lagt til grundvallar, eins og það er, enda ekki sjáanlegt, að neitt sé við það að athuga.

M/b Muggur er að stærð 35.07 rúmlestir brúttó og byggður 1935 og stækkaður 1943. Samkv. upplýsingum stefnenda er hann vá-

tryggður fyrir kr. 200.000,00. Varðskipið Óðinn er 72 rúmlestir brúttó með 425 ha. Petters-dísilvél. Samkv. upplýsingum stefnenda er hann vátryggður hjá Samábyrgðinni og endurtryggður í Englandi fyrir 30.000 £.

Eins og fyrr getur, kröfðust stefnendur þess í lok málsins, að þeim yrðu dæmdar sjálfstæðar kröfur á hendur stefndum fyrir störf sín. Stefndir hafa algerlega mótmælt þessu og krafizt þess, að ómakslaunin verði ákveðin í einu lagi. Þykir bera að taka þessi mótmæli til greina, þar sem stefndir virðast eiga heimtingu á, að málinu sé haldið á þeim grundvelli, sem lagður var í stefnu. Hins vegar mun rétturinn ákveða, hvernig hin tildæmda fjárhæð skuli skiptast milli stefnendanna, enda hafa stefndir samþykkt, að svo yrði gert.

Eins og þegar er fram tekið, tókst björgunin til fullnustu og var fljótt og greiðlega látin í té. Boðasteinur og áhöfn hans voru stödd í yfirvofandi hættu, er Muggur kom til, og sýndi áhöfn Muggs áræði og dugnað við björgunina. Muggur virðist hafa lagt sig í nokkra hættu, er hann sigldi fyrir innan skútuna til þess að ná í dráttartaugina. Bæði var skammt til lands og hann fór sjáanlega svo nærri skútunni, að allmikil hætta gat verið á árekstri, og eins hefði illa farið, ef eitthvað hefði komið fyrir vél, stýri eða skráfu skipsins. Hins vegar tók starf hans skamman tíma og virðist ekki hafa haft neinn skaða eða kostnað í för með sér að því undanskildu, að hann hefur sennilega orðið fyrir einhverju aflatjóni. Starf Óðins var einnig fljótt og vel af hendi leyst og tók nokkurn tíma, en mun ekki hafa haft neinn skaða eða kostnað í för með sér og virðist ekki hafa verið neinum erfiðleikum bundið. Og er þáttur hans hófst, hafði bráðustu hættunni verið afstýrt. Samkvæmt þessu og með tilliti til verðmætis hins bjargaða þykja ómakslaunin hæfilega ákveðin kr. 45.000,00, er stefndum ber að greiða stefnendum ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 2. apríl 1951, til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Þá þykir rétt að ákveða, að stefndir greiði stefnendum kr. 5.500,00 í málskostnað, og er þar með talinn matskostnaður, kr. 2.000,00, en hins vegar ekki endurgjald fyrir bankatryggingu vegna væntanlegrar kyrrsetningar, kr. 500,00, sem stefnendur hafa fært á málskostnaðarreikning sinn. Sú krafa virðist ekki eiga rétt á sér.

Stefndir hafa mótmælt því, að sjóveðréttur verði viðurkenndur stefnendum til handa í m/k Boðasteinur fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum. Björgunarlaunum fylgir sjóveðréttur samkv. 236. gr. sigll., 1. mgr., og samkv. 4. mgr. þeirrar greinar virðist sjóveðréttur einnig fylgja ómakslaunum fyrir dráttaraðstoðinni, sem hér var leyst af hendi. Stefndir hafa ekki sýnt fram á, að stefnendur hafi fallið frá sjóveðréttinum, um leið og stefndir settu tryggingu fyrir kröfum þeirra, né að sjóveðrétturinn hafi fallið niður af öðrum ástæðum. Verður sjóveðréttur því viðurkenndur í m/k Boðasteinur fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Öfangreindar fjárhæðir skulu með tilvísan til þess, er að framan getur, skiptast þannig milli stefnenda, að $\frac{2}{3}$ hlutar komi í hlut eigenda og áhafnar Muggs, en $\frac{1}{3}$ hluti renni til eiganda og áhafnar v/s Óðins.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Theodór Johannessen, f. h. eigenda og útgerðar m/k Boðasteinur, FD. 493, greiði stefnendunum, Helga Benediktssyni vegna eigenda og áhafnar m/b Muggs, VE. 322, og Pálma Loftssyni vegna eiganda og áhafnar varðskipsins Óðins, kr. 45.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fjárhæðir þessar skiptast þannig milli stefnenda, að $\frac{2}{3}$ hlutar renna til eigenda og áhafnar m/b Muggs, en $\frac{1}{3}$ hluti til eiganda og áhafnar v/s Óðins.

Stefndur hafa sjóveðrétt í m/k Boðasteinur, FD. 493, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. marz 1954.

Nr. 135/1953. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn

Benedikt Kristjánssyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýknað af ákæru fyrir húsaleiguokur.

Dómur Hæstaréttar.

Það hefur að vísu komið fram í máli þessu, að þegar ákærði átti tal við Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmann í maí 1951, mótmælti hann því ekki, að hann kynni að hafa tekið hærri húsaleigu af Theódór Jónssyni en lög heimiluðu. Hins vegar hefur ákærði fullyrt, að hann hafi þá ekki samþykkt réttmæti þeirrar fjárhæðar, er Ragnar taldi hann hafa tekið í húsaleigu, né fallizt á endurgreiðslu. Ragnar hefur sem vitni í málinu ekki talið sig geta fullyrt, hvort hann hafi í þetta sinn nefnt tiltekna mánaðargreiðslur, sem Theódór teldi sig hafa